



TAFLFÉLAG VESTMANNAEYJA

1926

100

2026

100 ÁRA AFMÆLISBLAÐ TAFLFÉLAGS VESTMANNAEYJA

Fyrsta stjórn TV

Á stofnfundi Taflfélags Vestmannaeyja 29. ágúst 1926 sem fram fór í húsinu Reyni við Bárustíg 5 voru eftirtaldir kosnir í fyrstu stjórn TV: Formaður Hermann Benediktsson, verkstjóri Godthaab, síðar Stóra-Bergholti Vestmanna-braut 67, Kristinn Ólafsson, lögfræðingur, Reyni, þáv. bæjarstjóri í Eyjum, ritari og Magnús Bergsson, bakameistari Tungu við Heimgötu, gjaldkeri. Stofnendur félagsins voru níu talsins, en en viku eftir stofnfundinn bættust ellefu í hópinn og voru félagsmenn 20 talsins þegar regluleg starfsemi félagsins hófst í byrjun september 1926.



Hermann Benediktsson, fyrsti formaður félagsins.



Íslandsmeistarar TV í úrvalsdeild á Íslandsmóti skákfélaga sem lauk í mars 2026 ásamt nokkrum lykilmönnum í félaginu. Neðri röð frá vinstri, Arnar Sigurmundsson, liðsstjóri b) sveitar og form. afmælisnefndar, Ólafur Hermannsson, liðsstjóri c) sveitar TV, Hallgrímur Steinsson form. TV og í afmælisnefnd, Karl Gauti Hjaltason, í afmælis- og fjáröflunarnefnd, Jóhann Ingvarsson í úrvalsdeild, 2. röð f.v., Lúðvík Bergvinsson, fjáröflunarnefnd, Jaime Santos Latasa, úrvalsdeild og Abihjeet Gupta, úrvalsdeild 3. röð f.v. Guðmundur Gíslason, úrvalsdeild, Helgi Ólafsson, úrvalsdeild, Skákmeistari Vm. 1972 & 73, Þorsteinn Þorsteinsson liðsstjóri úrvalsdeilda TV, Örn Leó Jóhannsson, úrvalsdeild, og Jóhann Hjartarson úrvalsdeild. 4. röð frá vinstri, Auðunn Haraldsson stjórnarm. í TV og Björn Þorfinnsson í úrvalsdeildarliði TV. Myndin er tekin í Rimaskóla í mótslok 8. mars 2026 - ljósm. Tómas Tandri Jóhannsson.

Skákin er mögnuð hugaríþrótt

Hallgrímur Steinsson
formaður TV



Nú í lok ágúst 2026 eru 100 ár liðin frá stofnun Taflfélags Vestmannaeyja. Það er erfitt að ímynda sér allar breytingar á samfélaginu og daglegu lífi fólks á síðustu 100 árum. Skákin er eins og með suma hluti, hún breytist ekkert í grunninn og manngangurinn er óbreyttur. Ég gekk í Taflfélagið fyrir um 10 árum þegar ég hætti á sjó, hafði teft sem krakki og alltaf haft áhuga. Það var skemmtilegt að finna vettvang til að bæta sig og læra að tefla á nýjan hátt. Þetta er alveg sérstakur þjóðflokkur með sitt eigið tungutak í skákinni og talar um kóngsundurverja, sikileylinga og fransmenn þannig að fólk sem þekkir ekki reglur og afbrigði í skák ætti erfitt með að skilja nokkurn skapaðan hlut. En það breytist fljótt. Netskákin var og er algjör bylting



Hallgrímur Steinsson, formaður Taflfélags Vestmannaeyja.

í skákinni. Nú getur fólk nær fyrirvaralaust teft við annað fólk hvar sem er í veröldinni sem hefur tengingu á netinu. Auk þess hefur aðgangur að skák og skákmönnum á netinu aukist gríðarlega. Þó að tímarnir hafi breyst þá finnur

áhuginn alltaf sinn farveg. En það er engu að síður skemmtilegast að tefla við skákborðið augliti til auglits. Við í Taflfélaginu höfum verið lánsamir með að fyrirtækin í bænum og bæjaryfirvöld hafa stutt myndarlega við starfsemi TV

í gegnum tíðina. Við höfum haldið úti skákkennslu fyrir skólakrakka í GRV í ákveðnum bekkjardeildum og í skákheimili TV þar sem þau hafa fengið tækifæri til að kynna þessari mögnuðu hugaríþrótt. Við höfum síðustu áratugi tekið þátt í deildarkeppni taflfélaga - Íslandsmóti skákfélaga sem er í fimm deildum. TV er með átta manna sveit í úrvalsdeild auk liðsstjóra og varamanna og tvær sex manna sveitir í 4. deild auk liðstjóra og varamanna.

Það var raunar ótrúlegt að sveit TV í úrvalsdeild varð Íslandsmeistari skákfélaga á 100 ára afmælisárinu í mars 2026 og var það í fyrsta skipti í sögu félagsins. Skákin brúar kynslóðabilið. Á Íslandsmóti skákfélaga sem fram árlaga á haustin og vorin með samtals 350-400 keppendum á öllum aldri er örugglega breiðasta aldursbil keppenda á Íslandi. Þeir yngstu eru frá 6 ára og þeir elstu losa 90 árin. Flestir skákmenn hafa einhvern tímann á

ferlinum lent í að steinleggja í skák fyrir mjög ungum andstæðingi og skiptir litlu hvort tapið hafi stafað af augnabliks einbeitingarleysi eða meintrí yfirsjón. Þannig er skákin - staðan er jöfn í upphafi og ekki spurt um aldur eða styrkleika.

Við gefum út þetta 100 ára afmælisblað til að vekja athygli á starfinu. Skákin er frábært áhugamál til að styrkja einbeitingu, rökhugsun og það er alltaf hægt að bæta sig. Til að fagna 100 ára afmælinu verða einnig haldið sterkt atskákmót á afmælisdaginn 29. ágúst nk. og hraðskákmót sunnudaginn 30. ágúst nk. og fara bæði mótin fram á opna svæðinu í Þekkingarsetri Vestmannaeyja að Ægisgötu 2, 2. hæð. Þar hafa áður verið haldin þrjú fjölmenn atskákmót 2019, 2021 og 2023 og öll aðstaða til fyrirmyndar.

Við hvetjum folk á öllum aldri til að taka þátt í starfinu en félagið býður upp á glæsilega aðstöðu í skákheimilinu að Heiðarvegi 9 jarðhæð.

Afmælistveðja frá Skáksambandi Íslands

Skáksamband Íslands óskar Taflfélagi Vestmannaeyja innilega til hamingju með 100 ára afmælið. Að halda úti öflugum og lifandi skákstarfi í heila öld er sannarlega merkilegur áfangi og vitnisburður um þann mikla áhuga, dugnað og fórnfýsi sem félagsmenn hafa sýnt í gegnum tíðina.

Á afmælisárinu náði félagið stórum áfanga þegar Taflfélag Vestmannaeyja varð Íslandsmeistari skákfélaga í fyrsta sinn í sögu félagsins. Það er einstaklega viðeigandi að þessi langþráði titill hafi komið á sama ári og félagið fagnar aldarafmæli. Taflfélag Vestmannaeyja hefur um áratugaskeið verið mikilvægur hluti af íslensku

skáklífi og lagt sitt af mörkum til að efla og þróa skákstarf í Vestmannaeyjum og á Íslandi. Við óskum félaginu og öllum félagsmönnum þess hjartanlega til hamingju með tímamótin og farsældar á komandi árum. Megi skákin halda áfram að blómstra í Vestmannaeyjum og Taflfélag Vestmannaeyja

standa sterkt næstu 100 árin. Til hamingju með 100 ára afmælið og Íslandsmeistaratitilinn!

Fyrir hönd Skáksambands Íslands
Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
forseti Skáksambands Íslands



Formenn TV 1926 – 2026

Fjölmarginir hafa gegnt formennsku í Taflfélagi Vestmannaeyja á þeim 100 árum sem liðin eru frá stofnun félagsins. Fyrstu þrjá áratugina var starfsemin með toppum og lægðum.

Frá 1957 hefur starfsemi TV verið samfelld og oft á tíðum mjög öflug. Eðlilega var hlé á starfsemi TV í eldgosinu á Heimaey sem hófst 23. Janúar 1973 og lauk formlega 3. júlí sama ár. Starfsemin fór aftur í gang í árslok 1973. Á þessum 100 árum hefur TV haft aðstöðu á fjölmörgum stöðum í Eyjum. Stundum var aðstaðan til fyrirmyndar, en það komu tímabil þar sem húsnæði var til bráðabirgða og stóðst ekki eðlilegar kröfur.

Frá árinu 2004 hefur starfsemi Taflfélags Vestmannaeyja verið í 100 fermetra eigin húsnæði að Heiðarvegi 9 jarðhæð. Vestmannaeyjabær gerði félaginu mögulegt að ráðast í þessi húsa kaup og hefur árlegur fjárstuðningur bæjarins nægt til þess að standa undir húsnæðisláni sem tekið var til kaupanna. Því til viðbótar hafa nokkur fyrirtæki í Eyjum styrkt félagið vegna skákkennslu barna og unglinga í húsnæði TV og einnig til þess að standa undir rekstri skákheimils TV.

Pegar kom að því að skáksveit TV komst í efstu deild á Íslandsmóti skákfélaga fyrir liðlega 20 árum þar sem aljóðlegir skákmeistarar og stórmeistarar innlendir og útlendir

keppa fyrir kostar það eðlilega stóru aukin útgjöld Til þess að standa undir þeim útgjöldum hefur félagið fengið drjúgan stuðning frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjum.

Listinn yfir formenn TV 1926-2026 sýnir árið sem viðkomandi var kjörinn til formennsku.

1926	Hermann Benediktsson
1936	Karl Sigurhansson
1944	Háldór Ó. Ólafsson
1957	Tryggvi Jónasson
1958	Gústaf Finnbogason
1962	Arnar Sigurmundsson
1965	Óli Á. Vilhjálmsson
1967	Einar B. Guðlaugsson
1972	Andri Valur Hrólfsson
1974	Össur Kristinsson
1979	Ólafur Hermannsson
1982	Guðmundur Búason
1984	Sævar Halldórsson
1986	Ágúst Ómar Einarsson
1986	Sævar Halldórsson
1987	Sigurjón Þorkelsson
1989	Stefán Gíslason
1990	Sigurjón Þorkelsson
1995	Stefán Gíslason
1997	Sigurjón Þorkelsson
1998	Ágúst Örn Gíslason
1999	Sigurjón Þorkelsson
2003	Magnús Matthíasson
2007	Karl Gauti Hjaltason
2013	Ægir Páll Friðbertsson
2015	Arnar Sigurmundsson
2021	Hallgrímur Steinsson
2023	Karl Gauti Hjaltason
2025	Hallgrímur Steinsson

Stjórn TV og 100 ára afmælisnefnd

Á aðalfundi Taflfélags Vestmannaeyja sem fram fór í skákheimli TV að Heiðarvegi 9, 24. mars 2025 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn. Formaður/gjaldkeri Hallgrímur Steinsson, varaform./ritari Sæmundur Einarsson, meðstjórnendur Sigurjón Þorkelsson, Auðunn Haraldsson og Ágúst Ómar Einarsson.

Skoðunarmaður TV var kjörinn Ægir Páll Friðbertsson.

Á fundinum var einnig kosið í 3ja manna 100 ára afmælisnefnd. Í henni eiga sæti, Arnar

Sigurmundsson, fyrrv. form., Karl Gauti Hjaltason, fyrrv. form. og Hallgrímur Steinsson núv. form. TV.

Nefndin skipti sér verkum og var Arnar kosinn formaður. Ákveðið á fyrsta fundi að standa fyrir útgáfu afmælisblaðs og halda afmælistskákmót í Eyjum helgina 29.-30. ágúst 2026.

100 ára afmælisdaginn 29. ágúst 2026 ber upp á laugardag og var því sjálfsgefið að standa fyrir útgáfu blaðs og afmælistmótum fyrir og um þessa helgi.

Skákmeistarar Vestmannaeyja frá 1926

Greint var frá úrslitum í skákmeistaramóti Vestmannaeyja 1926 í blaðinu Skeggja í Eyjum á Þorláksmessu 23. desember 1926. Taflfélag Vestmannaeyja sem stofnað var 29. Ágúst sama ár lét það verða eitt sitt fyrsta verk að halda meistarmót. Fyrsti skákmeistari Vestmannaeyja varð Ólafur Magnússon, std. med. og hlaut hann nafnbótina Taflkóngur Vestmannaeyja. Ólafur halut 14 vinninga, næstur kom Daniel Sigurðsson með 10 vinninga og þriðji varð Guðni Jónsson á Vegamótum með 9,5 vinninga. Ólafur var skákmeistari Vestmannaeyja frá 1926 þar til hann lést langt fyrir aldur fram árið 1930.

Ekki hafa fundist heimildir um að Skákþing Vestmannaeyja hafi farið fram 1930-1935. Það kann að vera dálítið sérstakt að erfitt hafi verið að halda uppi formlegu starfi í heimskreppunni 1930-1939, en áhrif hennar voru mikil í Eyjum, vegna útlutnings sjávarafurða sem féllu mjög í verði í kreppunni. Kaupgeta almennings minnkaði verulega í viðskiptalöndum okkar og mörg fyrirtæki urðu að hætta starfsemi.

En áfram var teft í Eyjum og komu góðir kaflar á árunum hjá Taflfélaginu 1938-1945, en aftur tók við kafli þar sem formlegt starf félagsins var ekki í gangi. En frá haustinu 1957 hefur starfsemin verið samnfelld, stundum risið hátt, en góður kafli kom 2004 eftir kaupið á 100 fermetra húsnæði á góðum stað í bænum. Við tók metnaðarfull skákkennsla fyrir yngstu kynslóðina sem skilaði sér í mjög góðum árangri ungmenna í TV á mótum innanlands og utan. Fjallað verður um þetta tímabil á öðrum stað í blaðinu.

Á sama tíma færðist félagið í efstu deild á Íslandsmóti skákfélaga og var nálgægt því að verða íslandsmeistari skákfélaga í efstu deild. Mörgun árum síðar varð gerð lokaatlaga að vinna í sveitakeppni í úrvalsdeild skákfélaga og tilefnið var 100 ára afmæli Taflfélags Vestmannaeyja 2026. Það tókst loks í mars 2026 og er fjallað um þann ótrúlega árangur í grein Þorsteins Þorsteinssoar liðstjóra TV í úrvalsdeild.

Alls hafa 26 einstaklingar borið titilinn Skákmeistari Vestmannaeyja frá 1926. Sigurjón Þorkelsson núverandi meistari hefur orðið



Sigurjón Þorkelsson og Auðunn Haraldsson voru jafnir, efstir að loknu Skákþingi Vm. 2026. Tefldu þeir til úrslita í 3ja skáka einvígi. Sigurjón hafði betur og varð því skákmeistari Vestmannaeyja í 18. skiptið.

Ljós. Addi í London

Skákmeistari Vestmannaeyja í samtals 18 skipti á árunum 1986-2026. Næstur er Kári Sólmundarson sem varð Skákmeistari Vestmannaeyja í níu skipti á árunum 1975-1985. Aðrir sem hafa unnið titilinn í nokkur skipti eru Björn Karlsson, yngri fimm sinnum, en þeir Einar B. Guðlaugsson, Sverrir Unnarsson og Arnar Sigurmundsson hafa unnið hver í samtals fjögur skipti.

Hér að neðan má sjá lista yfir Skákmeistarar Vestmannaeyja og árið sem viðkomandi hlaut titilinn.

1926	Ólafur Magnússon
1927	Ólafur Magnússon
1928	Ólafur Magnússon
1929	Ólafur Magnússon
1936	Halldór Ó. Ólafsson
1937	Hjálmar Theódórsson
1944	Vigfús Ólafsson
1957	Árni Stefánsson
1958	Árni Stefánsson
1959	Árni Stefánsson
1960	Karl Ólafsson
1961	Bjarni Helgason
1962	Jón Hermundsson
1963	Jón Hermundsson
1964	Arnar Sigurmundsson
1965	Einar B. Guðlaugsson
1966	Einar B. Guðlaugsson
1967	Einar B. Guðlaugsson
1968	Einar B. Guðlaugsson
1969	Arnar Sigurmundsson
1970	Arnar Sigurmundsson
1971	Björn Ívar Karlsson (eldri)
1972	Helgi Ólafsson
1973	Helgi Ólafsson
1974	Össur Kristinsson
1975	Kári Sólmundarson
1976	Kári Sólmundarson
1977	Kári Sólmundarson
1978	Kári Sólmundarson
1979	Arnar Sigurmundsson
1980	Kári Sólmundarson

1981	Kári Sólmundarson
1982	Kári Sólmundarson
1983	Guðmundur Búason
1984	Kári Sólmundarson
1985	Kári Sólmundarson
1986	Sigurjón Þorkelsson
1987	Stefán Þór Sigurjónsson
1988	Sigurjón Þorkelsson
1989	Sigurjón Þorkelsson
1990	Ágúst Ómar Einarsson
1991	Sigurjón Þorkelsson
1992	Sigurjón Þorkelsson
1993	Sigurjón Þorkelsson
1994	Ægir Óskar Hallgrímsson
1995	Ægir Óskar Hallgrímsson
1996	Sigurjón Þorkelsson
1997	Sigurjón Þorkelsson
1998	Ágúst Ómar Einarsson
1999	Sverrir Unnarsson
2000	Sverrir Unnarsson
2001	Björn Ívar Karlsson (yngri)
2002	Sigurjón Þorkelsson
2003	Sigurjón Þorkelsson
2004	Ægir Páll Friðbertsson
2005	Sverrir Unnarsson
2006	Sigurjón Þorkelsson
2007	Sverrir Unnarsson
2008	Björn Ívar Karlsson
2009	Björn Ívar Karlsson
2010	Björn Ívar Karlsson
2011	Björn Ívar Karlsson
2012	Nökkvi Sverrisson
2013	Nökkvi Sverrisson
2014	Nökkvi Sverrisson
2015	Stefán Gíslason
2016	Stefán Gíslason
2017	Sigurjón Þorkelsson
2018	Sigurjón Þorkelsson
2019	Hallgrímur Steinsson
2020	Sigurjón Þorkelsson
2021	Sigurjón Þorkelsson
2022	Hallgrímur Steinsson
2023	Sigurjón Þorkelsson
2024	Benedikt Baldursson
2025	Sigurjón Þorkelsson
2026	Sigurjón Þorkelsson

Sigurjón Þorkelsson skákmeistari Vm. 2026

Skákþing Vestmannaeyja 2026 hófst 20. janúar sl. og lauk 19. febrúar sl. - Keppendur voru 10 talsins og var teft í einum flokki samtals níu umferðir. Tefldar voru að jafnaði tvær umferðir á viku, tími 60 mín. á skák + 30 sek. á leik á hvorn keppanda. Sigurjón Þorkelsson varð Skákmeistari Vestmannaeyja 2026, en jafnir í mótslok voru Sigurjón og Auðunn Haraldsson með átta vinninga af níu mögulegum. Þurfti því að gripa til 3ja skáka atskákeinvígis milli þeirra og þar sigraði Sigurjón. Hann var vel af sigrinum kominn og sýnir að það var og er enginn tilviljun að hann hafi orðið Skákmeistari



Vestmannaeyja oft en allir aðrir í sögu félagsins.

Í 3ja sæti varð Arnar Sigurmundsson með 6,5 vinninga og í 4. sæti varð Sæmundur Einarsson með 5,5 vinninga.

Hraðskákmeistaramót Vestmannaeyja 2026 fór fram í skákheimili TV 2. apríl sl. Keppendur voru 10 og umhugsunartími 5 mín. + 3 sek. á leik á hvorn keppanda. Sigurjón Þorkelsson varð efstur með 8,5 vinninga af níu mögulegum. Í 2.-3. sæti urðu Arnar Bogi Andersen og Arnar Sigurmundsson jafnir með 6,5 vinninga.

Ljós. Addi í London



TAFLFÉLAG
VESTMANNAEYJA

1926 100 2026

Útgefandi Eyjasýn fh. Taflfélags Vm.

Ritnefnd Arnar Sigurmundsson, ábm., Karl Gauti Hjaltason og Hallgrímur Steinsson | Umbrot Sæþór Vídó | Prentun Landsprent
Upplag 1800 eintök | Dreifing Eyjadreifing

Taflfélag Vestmannaeyja Íslandsmeistari skákfélaga

Þorsteinn Þorsteinsson



Höfundur hefur verið liðsstjóri og liðsmaður úrvalsdeildarliðs Taflfélags Vestmannaeyja meira og minna frá árinu 2009 þegar Karl Gauti Hjaltason, þáverandi formaður félagsins, bað mig um að taka við þjálfun og stjórn liðsins. Við höfum gert nokkrar atlögur að Íslandsmeistaratitlinum á þeim árum sem liðin eru síðan. Nokkrum sinnum urðum við í 2. sæti og reyndar hársbreidd frá því að hampa titlinum en það er efni í aðra grein.

Íslandsmót skákfélaga er teft í tveimur hlutum, fyrri hlutinn er teftur á haustin og seinni hlutinn á vorin. Ég safnaði liðinu saman í hádegisverð og á liðsfund fyrir seinni hlutann í mars þar sem ég sem liðsstjóri lagði áherslu á að við yrðum að vinna allar fimm viðureignir okkar til að eiga möguleika á Íslandsmeistaratitlinum og að það ætti að vera markmið okkar á 100 ára afmælisárinu. Okkar verkefni væri því að færa félaginu Íslandsmeistaratitlinn í afmælisgjöf. Þessi orð mín virtust falla í góðan jarðveg því það var einmitt það sem gerðist og allir gáfu allt í verkefnið og rúmlega það frá fyrstu skák til hinnar síðustu.

Fyrri hlutinn

Við byrjuðum reyndar úrvalsdeildina í fyrri hlutanum með því að tapa tveimur fyrstu viðureignunum, gegn KR og Fjölni, en svo unnum við næstu þrjár viðureignir gegn Taflfélagi Reykjavíkur, Breiðablik og Víkingaklúbbnum og vorum því í þriðja sæti eftir fyrri hlutann. Á þeim tíma tefldi Bretinn Harry Grieve með okkur. Honum gekk illa og því var ákveðið að skipta honum út fyrir indverska stórmeistarann Abhijeet Gupta og reyndist hann mikill happafengur fyrir liðið. Hér í framhaldinu ætla ég að fjalla um hverja viðureign fyrir sig í seinni hlutanum þannig að lesandinn fái tilfinningu fyrir þeirri baráttu sem átti sér stað á lokasprettinum.

Seinni hlutinn

TV – Skákdeild KR: 5–3

Nú mættum við efsta liðinu KR en þeir mættu með tvo ofurstórmeistara til leiks en það eru skákmenn sem eru með 2600 stig, eða meira. Andstæðingar okkar voru auk þess stigahærri á sex borðum af átta



Skáksveitin ásamt foreta Sl. Frá vinstri: Jóhann Hjartarson, Abhijeet Gupta, Jaime Santos Latasa, Björn Þorfinnsson, Guðmundur Gíslason, Helgi Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Örn Leó Jóhannsson, Jóhann Ingvason og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir. Ljós. Tómas Tandri Jóhannsson.

þannig að þetta var dálítið Davíð gegn Golíat viðureign. Alþjóðleg skákstig eru reiknuð út mánaðarlega og segja þau til um styrk skákmanna.

Við vorum búnir að ræða það að okkar tækifæri væru fyrst og fremst á neðri borðunum enda fór það þannig að við fengum 3½ vinning á neðstu fjórum borðunum og náðum svo að halda sjó á þeim fjórum efstu þar sem KR ingarnir voru sterkastir fyrir.

Guðmundur Gíslason tefldi lengstu skákina í þessari viðureign og sýndi enn og aftur úr hverju hann er gerður með því að vinna mikinn seiglusigur í 90 leikjum og fimm klukkustunda skák. Það eru einmitt svona seiglusigrar sem blása öðrum liðsmönnum stríðsanda í brjóst.

TV – Skákdeild Fjölnis: 5–3

Fjölnismenn voru nú komnir í efsta sætið eftir sigur okkar á KR og talaði ég um það við liðsmenn að við þyrftum að ná okkur niður á jörðina eftir sigurvimuna. Það var mikil barátta á öllum borðum í þessari viðureign. Sex skákir enduðu með jafntefli en Abhijeet og Björn unnu góða sigra sem tryggðu sigurinn. Enn og aftur vorum við stigalægri en andstæðingarnir en nú á fimm borðum af átta.

Eftir þennan sigur vorum við komnir í efsta sætið og áfram gilti því að halda sér á jörðinni og halda ótrauðir áfram í átt að markmiðinu okkar. Ég lagði sérstaka áherslu á

það við erlendu meistarana í liðinu, þegar ég var að keyra þá til og frá skákstað, að við þyrftum að vera einbeittir alla leiðina í mark og að þetta væri langt í frá búið, sem reyndar átti eftir að koma á daginn.

TV – Víkingaklúbburinn: 5½ – 2½

Fyrir þessa viðureign lagði ég áherslu á að við mættum ekki vanmeta Víkingana. Abhijeet, Simon og Björn unnu sínar skákir en hinar fimm skákirnar enduðu með jafntefli. Þessi sigur virtist á blaðinu hafa verið nokkuð öruggur sem var reyndar ekki raunin þar sem við þyrftum að hafa vel fyrir hlutunum í þessari viðureign. Nú vorum við farnir að sjá markið fyrir framan okkur en fram undan voru tvær erfiðustu viðureignirnar.

TV – Taflfélag Reykjavíkur:

4½ – 3½

Hér var barist til síðasta blóðdropa á öllum borðum enda stilltu TR-ingarnir upp firnasterku liði og voru stigahærri en okkar lið á fimm borðum af átta. Hér voru það Abhijeet og Örn Leó sem skópu sigurinn með vinningsskákum sínum.

Jóhann Hjartarson stóð lengi höllum fæti en tókst að sigla skákinni í jafnteflishöfn með mikilli útsjónarsemi. Það er mikilvægt í svona keppni að menn berjist í lélegu stöðunum þar sem hálfir vinningar hér og þar telja og svo er það gott fyrir liðsheildina þegar hinir sjá sína menn berjast og ná að bjarga sér fyrir horn.

Nú var komið að síðustu umferðinni og við áttum að tefla við Breiðablik. Á pappírnum hefði þetta átt að vera auðveld viðureign en annað kom á daginn eins og mig, liðsstjórnarn, hafði sterklega grunað.

TV – Skákdeild Breiðabliks:

4½ – 3½

Þetta var tæpasti sigurinn í seinni hlutanum. Ég kom inn í liðið í þessari umferð en fylgdist samt sem áður náið með öllum skákunum sem er stundum snúið þegar maður er sjálfur að tefla. Segja má að hagar okkar hafi vænkast áður en umferðin hófst en liðsstjóri Breiðabliks gerði mistök og skráði lið sitt ranglega til leiks. Þetta gerði það að verkum að Breiðablik varð að skilja eftir eitt autt borð og við því komnir í 1–0 áður en klukkurnar voru ræstar!

Eftir á að hyggja fannst mér þetta vera bjarnargreiði þar sem ró okkar manna raskaðist verulega við þetta og svona vinningar bragðast aldrei vel!

Nú tók við svakaleg barátta á öllum borðum. Mér var ekki rótt þegar Jóhann og Helgi töpuðu á svo til sama tíma en Jamie og Björn héldu uppi okkar merkjum og unnu báðir. Staðan var því 3–2 okkur í vil.

Þá voru þrjár skákir eftir; hjá undirrituðum, Guðmundi og Erni Leó og við þyrftum að halda jöfnu í þessum þremur skákum til að vinna viðureignina og verða Íslandsmeistarar. Við Guðmundur vorum nokkuð öruggir með skiptan hlut en eftir sat Örn Leó með það mikilvæga og erfiða verkefni að tryggja okkur hinn langþráða titil með jafntefli.

Sjaldan hefur eitt jafntefli haft eins mikla þýðingu og í þetta sinn. Örn Leó var peði undir og undir mikilli pressu því tap þýddi annað sætið. Hann stóðst prófið eins og svo oft áður og sigldi jafnteflinu og titlinum í örugga höfn.

Styrkur liðsheildarinnar

Loksins hafði liðinu tekist að vinna langþráðan Íslandsmeistaratitil eftir að hafa verið nálægt því í þrjú eða fjögur skipti fyrir á árum. Gleymum því ekki að liðið var í fallbaráttu í fyrra þannig að stökkið upp á við var stórt. Við vorum auk þess langt frá því að vera með sterkasta liðið á pappírnum þetta árið, reyndar vorum við með fjórða stigahæsta liðið í seinni hlutanum ef meðalstig liðanna eru borin saman. Hvað skýrir þá þennan árangur?

Að setja saman sigurlið í úrvalsdeildinni er snúið en skemmtilegt verkefni sem gengur ekki endilega út á að safna saman stigaháum skákmönnum. Okkar lið er góð blanda af eldri og yngri skákmönnum þar sem reynslan og baráttugleðin eru samnefnararnir. Liðið var það elsta í úrvalsdeildinni og því er oft haldið fram að skákgeta manna minnki með hækkandi aldri en ég held að okkur hafi tekist að setja spurningarmerki við þá staðhæfingu þetta árið.

Liðsmennirnir Jóhann Hjartarson, Guðmundur Gíslason og Jóhann Ingvason eru allir miklir baráttumenn á skákborðinu og gefa sig aldrei fyrir en í fulla hnefana. Við Helgi Ólafsson erum báðir fæddir í

ljónsmerkinu sem þýðir að við látum ekki vaða yfir okkur á skitugum skónum án þess að rísa upp á afturfæturna! Jóhann og Helgi mynda reyndar hryggjarstykkið í liðinu með alla sína dýrmætu reynslu.

Örn Leó Jóhannsson, Jamie Santos Latasa og Abhijeet Gupta eru svo ungu mennirnir í liðinu og allir mjög baráttuglaðir. Örn Leó sýndi í þessu móti, svo ekki verður um villst, að skákhæfileikar hans eru miklir og ekki skortir seigluna í þann dreng. Jamie og Abhijeet eru svo atvinnumenn fram í fingurgóma.

Ekki má gleyma Birni Þorfinnsyni sem er listamaðurinn sem getur teft bæði skemmtilega og vel þegar hann er í stuði. Hann er að sama skapi skákmaður sem liðsstjóri eins og ég áttar sig ekki alltaf á. Ég veit aldrei hverju er von á í hans skákum þar sem uppátæki hans á skákborðinu eru oft á tíðum óútreiknanleg en í því felst styrkur hans sem hann sýndi svo sannarlega í þetta sinn.

Sama má reyndar segja um Simon Williams sem reyndist okkur mjög drjúgur í mótinu enda góður liðsmaður sem hagar alltaf seglum eftir því hvernig staðan er á öðrum borðum liðsins.

Eiginleikar allra þessara manna mynda svo sterka liðsheild sem náði einstaklega vel saman þetta árið. Þegar einum gekk illa þá reis næsti maður upp og þannig var það í öllum sigrum liðsins. Eftir að hafa byrjað mótið með því að tapa fyrstu tveimur viðureignunum tókst okkur að vinna allar átta viðureignirnar sem eftir stóðu og þannig ná að koma hársbreidd á undan Fjölni í mark. Mér segir svo hugur að fáir hafi reiknað með því.

Síðast en ekki síst

Það er ekki hægt að ljúka þessum skrifum án þess að nefna þá sem söfnuðu styrkjum fyrir liðið en svona útgærd kostar sitt þrátt fyrir það að okkar lið hafi verið með lægstu útgjöldin í úrvalsdeild þetta árið. Þeir sem komu að þessu verkefni voru í stafrófsröð: Arnar Sigurmundsson, Karl Gauti Hjaltason, Lúðvík Bergvinsson, Páll Magnússon og Ægir Páll Friðbertsson og er þeim öllum hér með þakkað fyrir sitt framlag því án þeirra aðkomu hefði dæmið ekki gengið upp. Að lokum er öllum styrktaraðilum þakkað fyrir sitt framlag.



Spennustigið í lokaumferðinni var hátt. Hér má sjá tvær síðustu skákirnar í viðureigninni Taflfélag Vestmannaeyja gegn Skákdeild Breiðabliks. Næst í mynd má sjá Stephan Briem og Guðmund Gíslason eigast við. Við hliðina á Guðmundi er Örn Leó Jóhannsson sem innbyrti Íslandsmeistaratitlinn með því að halda jöfnu í mjög erfiðri stöðu. Á myndinni má frá vinstri einnig sjá Eyjamennina Helga Ólafsson, Arnar Sigurmundson og Lúðvík Bergvinsson.

Biðskákinn langa

1973-1993

Helgi Ólafsson



Þegar skák okkar Andra Hrólfssonar í lokaumferð Skákþings Vestmanneyja 1973 fór í bið lágu úrslit mótsins að mestu leyti fyrir. Ég var með 9 vinninga af 9 mögulegum, átti vænlega biðskák gegn Andra og frestaða skák úr næstsíðustu umferð gegn Arnari Sigurmundssyni. Össur Kristinsson hafði lokið keppni og var með 9 vinninga af 11 mögulegum svo að ljóst ar að mér dugði ½ vinningur til að verja titilinn frá árinu áður. Atburðir næturinnar kölluðu á frestun þessa móts en nokkru síðar spurði Arnar Sigurmundsson mig hvort ekki væri best að við semdum jafntefli í innbyrðis viðureign svo ljúka mætti mótinu en ég hafnaði þeirri tillögu enda var ásetningur minn að vinna þetta mót með fullu húsi. Þegar leið að 20 ára afmæli gossins var undirbúin ákveðin dagskrá og Arnar hafði fengið þá hugmynd að ljúka skákþinginu '73 með pompi og prakt. Í lítilli skákskriftarbók hafði ég skráð viðureignina við Andra; í Eyjum þekktist ekki að nota sérstök skorbíld – þau komu síðar. Þá var afráðið að að við Arnar myndum ljúka okkar frestuðu skák. Eins og Arnar benti á þá hafði styrleikamunur aukist talsvert milli aðila, eitthvað í kringum 800 elo-stig, ég var Íslandsmeistari en þetta var auðvitað til gamans gert og vakti gríðarlega athygli þegar við settumst niður við taflíð í sal Sparisjóðs Vestmannaeyja 23. janúar 1993 en þar var Arnar stjórnarformaður.

Kvöldið áður, þann 22. janúar 1993 hófst guðsþjónusta í Landakirkju og var helguð upphafi gossins. Snorri Óskarsson þjónaði fyrir altari. Viðstaddir í kirkjunni áttu það flestir sameiginlegt að hafa búið í Eyjum þegar gosið hófst og tekið með einum eða öðrum hætti þátt í því gríðarlega björgunarstarfi sem í hönd fór. Ég sat í kirkjunni með föður mínum, Ólafi Helgasyni, og okkur fannst báðum að Snorri hefði komist vel að orði og alveg sérstaklega þegar hann beindi orðum sínum að Magnúsi Magnússyni sem var bæjarstjóri í Eyjum árið 1973 og sagði eitthvað á þá leið að Magnús hefði með sínu áhrifavaldi og framgöngu sameinað Eyjamenn í baráttunni. Ég reikna með að margir hafi látið hugann reika þessa hátíðlegu kvöldstund. Ég minntist t.d. samtals sem ég átti við konu nokkra sem taldi að frá sjónarhóli félagsvísindanna mætti líta á það sem slys að ekki hefði strax verið ráðist í rannsóknir á afdrifum fólks úr Eyjum strax við upphaf gossins og eftir það. Tengslarof varð mikið, jafnvel lítið samfélag taflfélagsmanna sem stóð í miklum blóma leið undir lok en öðlaðist nýtt upphaf síðar. Þó vorum við nokkrir sem tókum þátt í hraðskákmótum í bænum stuttu eftir gosið sbr. eftirfarandi fyrisögn í Vísi í febrúar 1973:

Hraðskákmót Reykjavíkur:

BJÖRN ÞORSTEINSSON

Í SÉRFLOKKI

— en ungur Vestmannaeyingur var sá eini sem sá við honum

Ég varð í 3. sæti með 13 vinninga af 18, Björn hlaut 17 vinninga og Ingvar Ásmundsson kom næstur með 14 vinninga.



Myndin er tekin 23. Janúar 1993 og sýnir Andra Hrólfsson til hægri gefast upp í biðskákinni við Helga Ólafsson stórmeistara, en þá voru liðin 20 ár og einn dagur frá því skákin fór í bið. Í bakgrunni frá vinstri, Ámundi Þorsteinsson, málari, Tryggvi Jónasson vélsmiður og fyrrv. form. TV, Sigurjón Þorkelsson, þáv. form. TV, Guðjón Hjörleifsson, þáv. bæjarstjóri og Georg Þór Kristjánsson þáv. bæjarfulltrúi. Í forgrunni er Arnar Sigurmundsson, en hann tefldi um leið og tapaði frestaðri skák við Helga Ólafsson frá Skákþinginu 1973.

Ljós. Sigurgeir Jónasson.

En mikið þótti mér vænt um þegar þegar Magnús bæjarstjóri mætti við upphaf biðskákarrinnar þann 23. janúar 1993 og lék biðleikinn fyrir Andra Hrólfsson: Biðstaðan var þessi:



Andri Hrólfsson – Helgi Ólafsson 40. leikur minn hlýtur að hafa verið 40. ...a5-a4 og nú lék Andri biðleik. Ég kom með skákskriftarbókina til Eyja og hún hlýtur að hafa orðið eftir þar því að því miður finn ég hana ekki í mínum fórum og hef ég þó víða leitað. Ég tefldi Pirc-vörn og náði frumkvæðinu í miðtaflinu. Biðstaðan er raunar tiltölulega létt unnin því að hvítur ræður ekki við frípeðin á kóngsvæng eftir 41. **Bc4** sem Andri lék, 41. ... **Hxg2+** 42. **Kf3 Hg4** o.s.frv. Fór svo að lokum að h-peðið braust alla leið upp í borð og breyttist í drottningu áhorfendum til mikillar ánægju og ég var loksins orðinn Skákmeistari Vestmannaeyja 1973.

Arnar og Helgi Bernóðusson, Axel Ó og Dagur loftskytamaður Vorið 1973 þegar skóla lauk hélt ég

frekar sinna eigin heimilum og hagsmunum en að taka þátt í því sameinaða ataki sem þurfti til að bjargar búslóðum og atvinnutækjum. En um sumarið virtist þetta hafa snúist við; heimamenn höfðu bókstaflega forgang að störfum í Eyjum. Ég hitti starfsmann Viðlagasjóðs og síðar framkvæmdastjóra, Arnar Sigurmundsson, á skrifstofunni í Gagnfræðaskólanum en þar var neyðarstjórnstöð Vestmanneyjarbæjar með aðstöðu fyrir margháttada starfsemi. Íþróttasalur skólans var matsalur fyrir nær alla þá sem unnu í Eyjum. Bað ég Arnar að skrá mig í einhvern vinnuflokkinn og var ég settur í sveit með Presti Johnsen og Haraldi Geir og einhverjum fleiri. Við unnum við að grafa vikur frá húsum en tveir bræður Alberts Guðmundssonar knattspyrnugoðsagnar höfðu flutt gröfu til að koma vikrinum upp á vörubílspall og þaðan var yfirleitt brunað með hlasið upp á endurbættan flugvöllinn. Var mikið starfað og spjallað í kringum gröfu þeirra bræðra. En þarna í Gagnfræðaskólanum spurði Arnar mig hvar ég ætlaði að búa meðan á sumardvölinni stæði og ég kvaðst ekki hafa hugmynd um það. „Ætli það sé þá ekki best að þú komir með mér“, sagði Arnar ögn mæðulega. Flutti ég mitt hafurtask upp á heimili Arnars við Bröttugötu 30. Þar dvöldu einnig Helgi Bernóðusson, Axel Ó. Lárusson og síðar Dagur Vilhjálmsson. Ég útiloka ekki að einhverjir fleiri hafi fengið að dvelja hjá Arnari en staðið stutt við og þetta var kjarni heimilismanna. Við Axel deildum herbergi. Hann starfaði sem bílstjóri á vörubíl og tókst með okkur tókst góður kunningskapur. Hann var áreiðanlega harðduglegur maður og Skóverslun Axels Ó. Á Vestmannabrautinni var í raun sérstök menningar-miðstöð fyrir gos. Þangað komu íþróttamenn Eyjanna til að líta á fjölbreytt úrval af íþróttaskóm í öllum númerum og er ég ekki í minnsta vafa um að Axel og hans fólk hafi lagt mikið upp úr því að hafa á boðstólum allt það nýjasta og flottasta sem fánlegt var. Á Bröttugötu 30 héldu Arnar og Helgi Bernóðusson uppi góðlát-

legu gríni um aðra heimilismenn. Herbergisfélagi minn kölluðu þeir stundum Axel skomager, með vísan til mikillar reynslu og ættarsögu í skóverslun. Axel tók því með brosi á vör; hann þekkti sitt heimafólk. Helgi Bernóðus minnti mig stöðugt á að Fischer hefði verið orðinn stórmeistari 15 ára gamall. Hann hafði verið viðstaddur merkilegt mót sem haldið var í San Antonio í Texas haustið 1972 en þar varð Karpov efstur. Helgi lýsti honum sem frekar “krákulegum náunga”. Með okkur tókst góður félagsskapur sem hef-ur haldist æ síðan. Hann var bróðir þessa merka manns, Jóns Bernóðussonar sem ég átti einnig eftir að kynnst. Máгур Arnars, Dagur Vilhjálmsson, hafði unnið sem loftskytamaður á Suðurskautinu og fannst mér Dagur gefa frá sér þau skilaboð það væri “svalasta djöbb” sem um gæti og flest ann-

sumar. Arnar átti alveg sérstaklega fallett skáksett og þegar ég kom heim af vöktum stundum kl. 0400 valdi ég frekar að læðast inn á skrifstofu hans á Bröttugötunni og taka fram skákbækurnar sem ég hafði keypt hjá henni Stínu frænku minni í bókabúð Snæbjarnar í Hafnarstræti í Reykjavík. Ég lét yfirleitt staðar numið um kl. 8 og gekk þá til hvílu en unnið var á átta tíma vöktum, 12-20, 20-04, 04-12. Þarna í vinnuherbergi Arnars var ég fyrst í stað að baksa við læra teóriur utan að en komst fljótt að því að slíkt átti alls ekki við mig. Auk þess: utanbókarbókarlærdómur án skilnings dugar skammt í skákinni og um það eru mörg fræg dæmi. Stundum þarf að leggja ákveðnar leikjaraðir á minnið en aðrir þættir eru mun mikilvægari. Á ákveðnum tímupunkti próaði ég með mér vinnubrögð sem hafa haldist lítið breytt síðan. Safnskákir úr sterkum mótum og meistara á borð við Botvinnik höfðu þar mikil áhrif. Ég átt-aði mig á því að leikir slíkra meistara voru eins og fótspor í sandi; einn leikur getur opnað beina leið inn í þankagang meistarans.

Eitthvað spurðist það út meðal erlendu sjálfbóðaliðanna, sem margir komu frá Norðurlöndunum, V-Þýskalandi og Bandaríkjunum og gistu m.a. í lönskólanum rétt hjá Slökkvistöðinni, að slyngan skákmann mætti finna meðal mokstursmanna og einhverju sinni var ég boðaður þangað til að tefla við einn grjótharðan skákmann. Ég mætti þarna einhventímann eftir miðnætti og var þar mikil jöfragleði; Sigurður Rúnar Jónsson, “Diddi fíðla” lék með tilþrifum á hljóðfæri sitt og hópur fólks í kringum hann. Sá sem ætlaði að koma á einvígi mínu við skáksnilling hússins tjáði mér hinsvegar að viðkomandi hefði bókstaflega öðrum hnöppum að hneppa annars staðar í húsinu svo að ekkert varð úr þessari viðureign.

Skáksenan í Reykjavík hófst svo um haustið og vann ég næstum öll mót sem ég tók þátt í. Af einhverjum ástæðum vakti sigur minn á jólahraðskákmóti TR '73 mesta eftirtekt sbr. frétt Vísis:

Jólahraðskákmót T.R.:

ÓVÆNTUR EN VERÐSKULDAÐUR SIGUR HELGA ÓLAFSSONAR

— um 80 þátttakendur

Um 80 manns tóku þátt í „Jólahraðskákmóti“ T.R., sem haldið var dagana 27. og 28. desember. Tuttugu efstu tefldu til úrslita í A-riðli seinni daginn og þar varð röðin þessi:

1. Helgi Ólafsson	14 1/2
2. Björn Þorsteinsson	13 1/2
3. Magnús Sólmundarson	12 1/2
4.-5. Freysteinn Þorbergsson	12

4.-5. Haukur Angantýsson 12

6. Bragi Halldórsson 11 1/2

7.-8. Björn Theodorsson 11

7.-8. Jóhann Ó. Sigurjónsson 11

9. Ögmundur Kristinsson 10 1/2

10. Benedikt Jónasson 10

Sigur Helga var óvæntur en verðskuldaður. Hann tók forystuna strax í upphafi og hélt henni allt til loka.

að hégómi í samanburði. Hann var hressilegur í framgöngu en svolítil ráðgáta sem ég taldi einmitt stafa af dvöl hans á Suðurheimskautinu.

Taktu viðfangsefni þitt með áhlaupi Nú geta menn spurt: Hver eru tengsl þessarar sambúðar við biðskákina löngu? Svarið er að skákferill minn hófst fyrir alvöru þetta

í sögulegu samhengi held ég að koma mín til Reykjavíkur hafi boðað ákveðin keypslöðaskipti. Félagar mínir sem síðar mynduðu kjarnann í ólympíusveit Íslands voru þarna að stíga sín fyrstu skref í skákinni. Ég hef stundum verið spurður að því hvað þurfi til að ná svo hröðum framförum og svarið er einfalt: Taktu viðfangsefni þitt með áhlaupi.

Skákævintýrið í Eyjum

2003-2012

Karl Gauti Hjaltason
fyrrv. formaður TV



Mín fyrstu kynni af Taflfélaginu var þegar ég fylgdi sonum mínum, sem þá voru 5 og 8 ára á æfingar félagsins á efri hæð veitingastaðarins Kaffi Maríu þar sem nú er Vöruhúsið haustið 2002. Reyndar hafði ég í samvinnu við Björn Ívar Karlsson blásið til svokallaðs sýsluskákmóts fyrir grunnskólanemendur ári fyrr. Í Taflfélaginu haustið 2002 var það Magnús Matthíasson sem sá um æfingarnar, hann var hugmynda- ríkur og börnunum þótti hann stór- skemmtilegur. Sigurjón Þorkelsson var þarna formaður eins og svo oft áður. Þarna var grunnurinn lagður, feður eins og Sverrir Unnarsson, Guðjón Hjörleifsson, Ólafur Týr Guðjónsson og foreldrar Hallgríms Júlíussonar og Ágústar Sölva Hreggviðssonar komu þarna til að fylgja sínum drengjum.

Skákævintýrið
Haustið 2003 tók Magnús við for- mennsku félagsins og kom upp sú hugmynd að blása til barnamóts í Eyjum þar sem mjög hafði fjölgað í hópnum og starfseminni vaxið fiskur um hrygg. Sverrir var helsti kennari strákanna, en fáar stúlkur mættu á skákæfingar, a.m.k. þarna í upphafi. Vorið 2004 var blásið til fyrra Skákævintýrisins, sem var ný- stárlegt að mörgu leiti, sérhannaðir verðlaunapeningar með mynd af Heimakletti, fjöltefli við Helga Ólafsson, liðakeppni, myndasamkeppni, spurningakeppni, leikir í hléum og hreint stórkostleg verðlaunaaf- hending með trumbuslætti og öllu tilheyrandi. Keppendur voru 88 og keppt í 5 einstaklingsflokkum. Fé- lagsmenn TV hlutu eitt silfur og eitt brons í yngsta flokknum. Skipulag og allar tímasetningar stóðust al- gjörlega og tugir krakka úr Eyjum mættu á mótið. Skákrakkar af höfuðborgarsvæðinu höfðu aldrei upplifað annað eins og fóru strax að hlakka til næstu keppni. Skák- ævintýrið 2005 var enn stærra og mættu þá 110 keppendur og upp- skera TV krakkanna varð mun betri en árið áður og komu þrjú gull, tvö silfur og þrenn bronsverðlaun í þeirra hlut.

Húsnæðiskaupin 2004
Það var í takt við þann kraft sem þarna var á ferðinni að fest voru kaup á húsnæðinu að Heiðarvegi 9A, haustið 2004 og má með sanni segja að það varð kjölfestan í að unnt væri að byggja upp öflugt starf næstu árin. Það sem öðru fremur gerði þessi kaup möguleg var samningur við bæinn, undir forystu bæjarstjórans Bergs Elíasar Ágústssonar um að félagið sæi um að bjóða upp á skákennslu fyrir grunnskólabörn og það gerði félagið án endurgjalds, þannig að foreldrar gátu þarna fengið tóm- stundir fyrir börn sín án æfinga- gjalda.

Allir krakkar í skák
Stemningin í kringum skákina fór sífellt vaxandi næstu miss- eri. Drengjahópurinn tók mikl- um framförum, enda var æft af kappi og fjölmörg mót sótt upp á land. Sverrir sá um kennslu hjá þeim sem voru lengra komnir, en Magnús og undirritaður um aðra kennslu. Seinna, um 2008 flutti Björn Ívar til Eyja á ný og kenndi framhaldsflokknum. Fyrst var tak- markið að sigrá á skólamótunum á



Keppnishópur TV 2005 efri röð fv. Daði Steinn Jónsson, Sindri Freyr Guðjónsson, Nökkvi Sverrisson, Alexander Gautason og Hallgrímur Júlíusson, en þeir fjórir síðast töldu skipuðu A-sveit TV sem urðu Íslandsmeistarar 2007. Neðri röð fv. Sindri Jóhannsson, Antonio Ndong Nsambi, Ólafur Freyr Ólafsson og Kristófer Gautason. Með hópnum eru þeir Karl Gauti Hjaltason og Sverrir Unnarsson.

Suðurlandi, en fyrr en varði var það markmið langt að baki. Þegar stað- an var orðin sú að forsvarsmenn boltaíþróttanna komu til okkar og báðu um að hliðra til æfingum svo strákarnir gætu mætt á fótboltaæf- ingar, þótti forsvarsmönnum Taflfé- lagsins hlutirnir hafa snúist heldur betur við. Það var orðið spennandi að vera í skák, fjölmargt á seyði, sí- fellt eitthvað framundan og margt nýstárlegt. Ekki var óalgeng sjón að fyrir utan Heiðarveginn biðu 25-40 krakkar eftir að húsið yrði opnað. Taflfélagið gaf nokkrum sinnum út blaðið Skákeyjan í tilefni af mót- um og er blaðið um margt ágætis heimild um þessa tíma. Einhverju sinni var farið upp á Heimaklett og teft á toppi þessa hæsta fjalls ey- anna.

Þátttaka í mótum
Í upphafi var ljóst að til þess að ná árangri yrðu krakkarnir í Eyjum að tefla við þá sem sköruðu fram úr á landsvísi. Í raun má segja að það hafi tekið undraskamman tíma þar til strákar úr Eyjum voru farnir að ná verðlaunasætum og fyrsti stóri áfanginn var þegar Nökkvi Sverrisson var Íslandsmeistari barna vorið 2005. Og markið var sett hærra því það voru fjölmargir drengir í Eyjum sem stóðu mjög nærri Nökkva að getu. Kristófer Gautason endurtók afrek Nökkva og varð Íslandsmeist- ari barna 2007 og aftur árið eftir. Við fjölmenntum upp á land og tefldum við einn besta skáskóla landsins, Salaskóla og tefldum bæði einstaklings- og sveitakeppni við þá. Og það var ekki aftur snúið. Hver hópferðin til Reykjavíkur á

fætur annarri á skákmót varð undir- staðan undir að fjölmennur hópur Eyjakrakka var allt í einu kominn í fremstu röð á landinu. Sveita- keppni barnaskólasveita var næst á dagskrá og eftir áralanga þátttöku okkar þar, kom loks að því 2007 að sveit úr Eyjum bar sigur úr býtum. Árangurinn varð til þess að drengir úr Eyjum öðluðust þátttökurétt á ýmsum mótum erlendis, þar sem enn frekari reynsla fékkst en ekki síður voru öflugir skákkennarar með í þeim ferðum.

Keppnisferðir erlendis
Eins og fyrr segir opnaði árangur- inn ýmis tækifæri fyrir strákana að taka þátt í keppnum erlendis og frá Eyjum fóru drengir nær árlega á Norðurlandamót og kepptu fyrir Íslands hönd, Nökkvi og Kristófer fóru nokkrum sinnum á slíkt mót og þá fór Róbert Aron á eitt slíkt. Í júní 2006 mætti TV með sveit á Evrópumót skólaskáksveita í Búlgaríu og náðu góðum árangri og árið eftir fór yngri hópur úr Eyj- um á það sama mót. Í nóvember 2009 tók Kristófer þátt í HM í Tyrk- landi. Haustið 2007 fékk sveit fé- lagsins þátttökurétt á NM í Svíþjóð, þar sem sveitin hlaut 2 sætið, en þjálfari þeirra í ferðinni var Helgi Ólafsson stórmeistari. Yngri strák- arnir endurtóku svo leikinn 2008 og tóku þátt á NM á Álandseyjum.

Íslandsmót í Eyjum
Öflugt starf TV í barnaflokkunum varð til þess að í Eyjum voru haldin nokkur Íslandsmót á vegum Skák- sambandsins. Í október 2008 Ís- landsmót undir 15 ára, þar sem af

Skákmaraðin í Eyjum 2008
76 keppendum voru 62 úr Eyjum. Í september 2009 fór NM barna- skólasveita fram í Eyjum þar sem TV sveitin náði öðru sæti og í mars 2010 var haldið hér Íslandsmót barna.

Skákmaraðin
Sjaldan hafa skákrakkar í Eyjum verið jafnspennt og þegar efnt var til maraþonsetu í skák í húsnæði fé- lagsins. Efnt var til fyrsta maraþons- ins 2007 og var það endurtekið árlega næstu ár á eftir. Skákmara- þonið gekk út á að tefla stanslaust í einn sólarhring a.m.k. við eitt borð. Skipulagðar voru vaktir og vildu flestir taka vakt á nóttunni. Húsið var opið öllum og fjölmörg borð í gangi þegar mest gekk á og vakti atburðurinn heilmikla athygli í bæjarfélaginu. Langflestir þeirra sem lögðu leið sína í félagið settust niður og tóku eins og eina skák. Úr- slit voru skráð, þ.e. hvort hvítur eða svartur vann eða skák lauk með jafntefli. Þannig voru tefldar hund- ruð skáka á þessum 24 tímum og þátttakendur um og yfir hundrað í hvert skipti. Einnig söfnuðust áheiti sem komu félaginu vel.

Stelpurnar
Meirihluti þeirra sem mæta á æf- ingar í skákfélögunum eru drengir og til þess að hvetja stúlkur til þátt- töku efndi Taflfélagið til sérstakra stúlnaskákmóta og á slíku móti í desember 2008 mættu hvorki fleiri né færri en 65 stúlkur og tefldu, sem að sjálfsögðu var Íslandsmet.



Íslandsmeistarar barnaskólasveita 2008, f.v. Ólafur Freyr Ólafsson, Kristófer Gautason, Valur Marvin Pálsson og Daði Steinn Jónsson.

Vestmannaeyjamót stúlkna voru haldin og sigraði Thelma Lind Hall- dórsdóttir 2009 og Indína Guðný Kristinsdóttir 2010. Þá voru þær Arna Þyrí Ólafsdóttir og Hafdís Magnúsdóttir öflugar skákstúlkur og hlaut Hafdís t.d. silfurverðlaun með sveit Barnaskólans á Íslands- meistaramóti barnaskólasveita 2010.

Strákarnir
Gífurlegur fjöldi drengja stundaði skákæfingar hjá félaginu á þess- um árum og er í raun ómögulegt að ætla sér að telja upp þá helstu. En við verðum þó að nefna nokkra, t.d. voru nokkur bræðrasett þar á meðal, eins og Alexander og Krist- ófer, Bjartur Týr og Ólafur Freyr, Hannes og Sindri, Tryggvi og Ársæll Ingi, Tómas Aron og Eyþór Daði og systkinin Arna Þyrí og Jörgen Freyr. Fyrir utan þessi systkini voru í upphafi áberandi þeir Ágúst Sölvi, Nökkvi Sverris, Sindri Freyr, Hallgrímur Júl., Daði Steinn, Valur Marvin, Baldur Haralds, Hafsteinn Gísli, Nökkvi Dan, Jón Inga og Pat- rik Ritmuller. Síðar komu drengir eins og Sigurður Arnar, Guðlaugur Gísli, Daniel Már, Daniel Scheving, Róbert Aron og Ágúst Már og ótal fleiri til sögunnar.

Lokaorð
Taflfélagið hefur starfað í eitt hund- rað ár, stundum haldið úti öflugri starfsemi en á tímum legið í lág- inni. Það hefur verið gæfa félags- ins að það hefur alltaf átt öfluga forsvarsmenn sem hafa haldið uppi starfsemi hvernig sem árar. Á þessum árum sem hér er fjall- að um naut félagið mikils velvilja í bæjarfélaginu, meðal foreldra, bæj- aryfirvalda og fyrirtækja hér. Menn sáu hve jákvæð áhrif starfsemin og skákiðkunin gerði fyrir unga fólk- ið í bænum. Nú eru þessir krakkar fullorðnir og margir hverjir öflugir frumkvöðlar á fjölmörgum sviðum, bæði í Eyjum og utan þeirra. Til þess að reka öflugt félagsstarf sem skilar árangri þarf dugmikla sjálfböðaliða, menn sem gefa tíma sinn til kennslu, skipulagningar, ferðalaga með keppnishópum og líka til að lífga upp á íþróttina með ýmsum ráðum. Þá mun ekki bara ganga vel, heldur mun árangurinn koma á óvart.

Furðuleg flugferð með Fischer um nótt

Páll Magnússon



Til að gera langa sögu stutta hefjum við hana í júlí 2004 þegar Bobby Fischer, fyrrum heimsmeistari og líklega frægasti skákmeistari allra tíma, var handtekinn í Japan að kröfu Bandaríkjamanna - sakður um að hafa brotið gildandi viðskiptabann á Júgóslavíu með því að tefla þar í landi við Boris Spassky 1992. Raunar höfðu Bandaríkjamenn látið sér þennan "glæp" nokkurn veginn í léttu rúmi liggja þangað til Fischer, í sjálfskipaðri útleið, lét orð falla sem skilja mátti sem stuðning við árásina á Tviburaturmuna 2001. Þá hertu Bandaríkin mjög röðurinn og gáfu út alþjóðlega handtökuskipun sem endaði sem sé með því að Japanir fangelsuðu meistaran - en hikuðu nokkuð við að framselja hann.

Nokkru eftir handtökuna fékk ég eftir krókaleiðum skilaboð um að Fischer væri tilbúinn að veita mér símaviðtal fyrir Bylgjuna þar sem hann sat í fangelsinu rétt fyrir utan Tokyo. Seinna fékk ég vísbendingu um að það hafði verið Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari, sem sannfærði Fischer um að það væri óhætt að tala við þennan mann á Íslandi. Á þessum tímamarki tortryggði Fischer allt og alla. Þetta viðtal var sent út á Bylgjunni og nokkru síðar fór ég ásamt fríðu föruneyti til Tokyo til að taka sjónvarpsviðtal við Fischer í fangelsinu. Þetta var í stuttu máli lengsta fyluferð sem ég hef farið. Stjórnvöld í Japan höfðu gefið leyfi fyrir viðtalinu en þegar við komum að fangelsishliðinu var búið að aft-



Bobby Fiskcher, Sæmi „rokk“ Pálssyni og Páll Magnússon í einkaflugvélinni á Reykjavíkflugvelli.

urkalla leyfið - líklega að kröfu bandarískra stjórnvalda.

Hlaupum við nú fram í febrúar/mars 2005 - þá hafði Fischer hirst í fangelsinu í hálft ár. Að fumkvæði Davíðs heitins Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, var Fischer veittur íslenskur ríkisborgararéttur með sérstökum lögum frá Alþingi. Þessu tóku Japanir fegins hendi. Sögðu Bandaríkjamönnum að þeir gætu ekki framselt í þeirra hendur íslenskan ríkisborgara - og voru þeirri stundu fegnastir þegar þeir horfðu á eftir Fischer upp í áætlunarvél SAS til Kaupmannahafnar.

Og hér er upphafið að sérkennilegustu flugferð sem ég hef farið. Fischer hafði þverneitað að koma til Íslands með vél sem myndi lenda á Keflavíkflugvelli. Þar væri bandarískur her og þar myndu biða hans útsendarar FBI eða CIA og handtaka hann eða drepja. Þetta - og reyndar líka vegna gerðar á heimildamynd um þetta allt saman - varð til þess að ég fékk lánaða

einkapotu til að flytja Fischer frá Kastrup til Reykjavíkflugvallar.

Þegar til átti að taka gat þotan ekki lent á Kastrup vegna þoku heldur varð hún að lenda í Sturup, rétt utan við Malmö í Svíþjóð. Nú varð þrautin þyngri hjá okkur sem tókum á móti Fischer á Kastrup að sannfæra hann um að þessi breytta áætlun væri ekki hluti af plotti CIA/FBI um að nema hann á brott.

Það tókst og við komum meistaranum til Sturup þar sem þotan beið - og næsta úrlausnarefni. Þegar Fischer gekk upp tröppurnar inn í vélina beið í efsta þrepi kona sem hann spurði snarlega hvort væri flugfreyja. Hún neitaði og sagðist vera annar tveggja flugmanna þotunnar. Fischer snarsneri við í tröppunum og gekk niður aftur. Sagðist ekki fljúga með vél sem kona stjórnaði. Við tók mikil reki-stefna og Fischer fór ekki upp í vélina aftur fyrr en búið var að sannfæra hann um að Sturup/Reykjavík væri einmitt sá leggur sem karlinn



Bobby Fischer vann heimsmeistartilílinn skák í september 1972 í Laugardalshöll í Reykjavík.

ætti að fljúga.

Ég talaði við Fischer næstum alla leiðina til Reykjavíkur. Sumt af því rataði inn í fréttir og heimildamynd - annað ekki. Sem betur fer. Á milli vitrænna samtalskafla um hann sjálfan og skákina kom allskonar samhengislítið rugl um aðra hluti; ekki síst furðukenningar um alheimssamsæri Gyðinga - sem voru þeim mun skrítnari í ljósi þess að Fischer var sjálfur Gyðingur.

Einna skrítnast var þó þegar hann sagði upp úr þurru: "Páll, ég kann öll lög og texta sem Elvis Presley gaf út. Viltu heyra mig syngja?" Og áður en ég gat svarað byrjaði þessi frægasti skáksnillingur sögunnar að syngja fyrir mig Presleylög.

Ég sé mest eftir því að hafa ekki í þessari ógleymanlegu flugferð reynt að fá Fischer til að tefla fjöltefli í Eyjum. Það hefði nú verið skemmtilegur kaflí í 100 ára sögu Taflfélaga Vestmannaeyja!

Fullkomin hvatvísi

Björn Þorfinnsson



Sumarið 2024 tók ég upp á því í fullkominni hvatvísi að senda tölvupóst á forsvarsmenn Taflfélags Vestmannaeyja og athuga hvort hugur væri í þeim að gera atlögu að Íslandsmeistaratitli skákfélaga. Ég hafði þá um allnökkurt skeið teft fyrir hinn sigursæla Víkingaklúbb en þar sem ákveðið var að draga saman seglin á þeim vígstöðvum þá vantaði mig tilfinnanlega nýja áskoron á þessu árlega móti sem er mér afar kært.

Ástæðan fyrir því að ég horfði hyru auga til Vestmannaeyja var sú að ég hef sérstaklega gaman af því þegar ný félög hampa titlinum og TV hefur allnokkrum sinnum í gegnum árin verið í baráttunni en aldrei tekist að hampa gullinu.

Djúpstæðari var nú þessi hugdettu ekki en eftir þetta gerðust hlutirnir hratt. Þar spilaði inn í að ég fullyrti í bjartsýniskasti að ég gæti alveg örugglega græjað sterka íslenska skákmenn með mér og tilgreindi þar sérstaklega Braga bróður minn og Jón Viktor Gunnarsson, æskuvín minn. Þá gæti ég örugglega hjálpað eitt-hvað til með fjármögnun líka!

Stuttu seinna var ég síðan mættur á fund með Karli Gauta Hjaltasyni, þáverandi formanni TV og Þorsteini Þorsteinssyni og Ægi Páli Friðbertssyni, sem eru allt í öllu þegar kemur að a-liði TV. Fyrsta atriðið sem kom fram á þeim fundi var að tvö ár væru í 100 ára afmæli félagsins og menn hefðu einmitt verið farnir að spá í hvort að atлага að titlinum eftirsóttu væri ekki við hæfi á afmælisárinu.

Á þeirri stundu hafði ég fullvissu um að forlögin hefðu ráðið því að hvatvísi tölvupósturinn var sendur.

einfaldlega með því að vera þeir sjálfir.

Kári Sólmundarson var lengi sá sem maður vildi helst leggja að velli. Hann gekk rólegur til verks við taflborðið, afar íhugull, og fyrir okkur guttunum var hann fyrst og fremst sterkur og virðulegur skákmaður sem erfitt var að sigra.

Það vissi ég ekki þá að þessi hæglati og stóri maður hafði á sínum yngri árum keppt fyrir Íslands hönd í frjálsu íþróttum og verið meðal fremstu stökkvara landsins. Kári var sjómaður að atvinnu og hafði lært klæðskerasaum á glæsilegustu saumastofu Reykjavíkur.

En ekkert af þessu bar hann á torg, enda ekki maður margra orða. Fyrir okkur var hann einfaldlega Kári - við skákborðið - maðurinn sem maður stefndi alltaf á að vinna.

Björn Ívar Karlsson var annar afar eftirminnilegur karakter. Hann var mjög vel metinn læknir í bænum, en við taflborðið var hann einfaldlega grjótharður Björn Ívar. Hann kom gjarnan á skákvöldin vopnaður stórrí tösku sem geymði eigið skáksett, eigin klukku, stórt handklæði og gott og mikið nesti að heiman líkt og hann væri að undirbúa sig fyrir nokkurra daga dvöl í skáksalnum.

Og svo var það Stebbi Gilla úr Höfðanum, ógleymanlegur, ekki hvað síst fyrir þá óbilandi trú sína

Meira en skák

Lúðvík Bergvinsson



Það er oft ekki fyrr en síðar á lífsleiðinni að maður áttar sig á því hvað reynsla og fólk hefur gefið manni. Stundum þurfa árin að líða áður en maður skilur raunverulegt gildi þess sem maður upplifði hverju sinni.

Skákáhuginn kviknaði þó fyrst heima. Pabbi, Bergvin - eða Beddi einsog flestir kölluðu hann - kenndi mér mannganginn, ásamt mömmu, Maríu, eða Dúllu einsog hún var jafnan kölluð. Hrafn, bróðir pabba, átti einnig stóran þátt í því að skapa áhugann. Báðir voru þeir góðir skákmenn, en vegna sjömennsku og anna gafst þeim ekki tækifæri til að taka þátt í skákstarfinu einsog þeir höfðu eflaust viljað. Áhuginn á leiknum var þó alltaf til staðar og smitaðist yfir á mig.

Í skákinni fékk ég líka útrás fyrir bæði keppnisskapið og það sem kalla mátti „nördagenið“. Mér fannst heillandi að það væri alltaf eitthvað nýtt að finna - ný staða að leysa, ný hugmynd að prófa og ný þraut að takast á við, á þeirri leið minni að verða betri. Áhugi minn á skákinni varð til þess að leið mín lá í Taflfélag Vestmannaeyja og þar opnaðist fyrir mér heimur sem átti eftir að hafa meiri áhrif á mig en ég gerði mér grein fyrir á þeim tíma.

Fyrsti skáksigurinn

Ein af fyrstu stóru lexíunum var þó heima við taflborðið.



Frá fjölmennu fjöltefli Jan Smejkal stórmeistara frá Tékkóslóvakíu í Alþýðuhúsinu 23. febr. 1978. frá vinstri, Jan Smejkal, Bjarni Sveinbjörnsson 15 ára, Lúðvík Bergvinsson 13 ára og Arnar Sigurmundsson.

Ljós. Sigurgeir Jónasson.

Ég gleymi aldrei fyrsta sigrinum á pabba. Ég hef líklega verið um átta eða níu ára þegar mér tókst að máta hann fyrir hans eigin klaufaskap. Fyrir ungum dreng var þetta stór stund. Ég hafði unnið manninn sem hafði kennt mér leikinn.

Það sem ég man þó best voru viðbrögð pabba. Honum brá svo við að fyrstu viðbrögð voru þau að hann vildi taka leikinn upp - endurtaka hann - og koma þannig í veg fyrir mátið. Fyrir mér, sem taldi

mig hafa unnið mikilvægan sigur, var þetta auðvitað ekki alveg sanngjarnt. Staða mín í þeirri umræðu við pabba var þó ekkert sérstaklega sterk.

Fljótlega sá pabbi brosandí gegnum þetta allt saman, viðurkenndi mátið og sagði einfaldlega: „Auðvitað vannstu skákina. Vel gert.“

Þarna lærði ég eitthvað sem var stærra en þessi eina skák. Það skiptir máli að vilja vinna og leggja sig

Í kjölfar fundarins var tveggja ára plani hent upp og ég gekk til liðs við Taflfélag Vestmannaeyja nokkrum dögum síðar. Um var að ræða A, B og C-plan sem eðli málsins samkvæmt voru miskostnaðarsöm. Í þeim var auðvitað gert ráð fyrir sterkri innkomu minni á félagsskiptamarkaðinum sem og varðandi fjármuni. Allar þessar hugmyndir mínar runnu svo auðvitað út í sandinn.

Þrjóturinn hann bróðir minn hafnaði boði mínu enda alltaf verið einstaklega þrjóskur og Jón Viktor hristi bara hausinn. Þá stóð fjármögnunin eitthvað á sér og að endingu fólst mitt framlag í því að ég lét konuna mína borga smá summu í gegnum fyrirtæki sitt til að allt gengi upp. Þá skuld mun ég borga niður við heimilistörf næstu áratuginna.

Blessunarlega stóðu aðrir meðlimir nefndarinnar sig betur og þar var Ægir Páll auðvitað lykilmaður. Þá munaði gríðarlega um sterka innkomu Páls Magnússonar á lokametrunum.

Að endingu var niðurstaðan sú að við fórum C-leiðina í kostnaði og náðum með mikilli útsjónarsemi að stilla upp liði á atlögu- og afmælisárinu sem ætti möguleika í baráttunni þótt það væri alls ekki hið sterkasta á pappír.

Í fyrri hluta keppninnar gekk allt á afturfötunum og sérstaklega hjá mér persónulega en ég tapaði báðum skákunum gegn okkar helstu keppinautum, KR og Fjölni. Síðara tapið var sérstaklega sárt því það var gegn hinum títtnefnda þrjóska bróður mínum!

Ég var nánast búinn að glata trú minni á forlögin fyrir seinni hluta keppninnar en þar átti sér sér stað stórkostlegt kraftaverk. Allt gekk einhvern veginn upp og við TV-ingar náðum að knésetja alla okkar andstæðinga og þá féllu önnur úrslit með okkur. Þá náði ég meira að segja fram hefndum gegn litla bróður í seinni skák okkar.

Það var ólýsanlega skemmtileg stund að hampa fyrsta Íslandsmeistaratitli Taflfélags Vestmannaeyja á 100 ára afmælisárinu og að hafa fengið að taka þátt í því er eitthvað sem ég mun ylja mér við til æviloka.

að mannsfórnir og leikfléttur væru leiðirnar að glæstum sigrum og ódauðleika í skákinni. Þær fórnir og þær fléttur skiluðu þó ekki alltaf þeim árangri sem hann vonaðist eftir. Það breytti þó engu. Næsta skák hófst með sömu trú, sömu áráðni og sömu baráttugleði á leið að sama marki – ódauðleikanum sjálfum. Það var einfaldlega ekki í eðli Stebba að gefast upp.

Ég lærði vissulega mikið um skák í Taflfélagi Vestmannaeyja. En eftir því sem árin hafa liðið sé ég betur að minn stærsti og mesti lærdómur af veru minni þar kom frá fólkinu sem ég umgekkst. Þar lærði ég helling um mismunandi karaktera, samskipti og mikilvægi þess að ólíkt fólk geti sameinast um áhugamál. Við taflborðið skipti annað litlu máli. Allir voru jafnir.

Á þessum árum var maður óafvitandi að leggja inn á banka lífsins. Sjálfur hélt ég á þeim tíma að markmiðið með skákiðkuninni væri að safna skáksigrum og stórum bikurum. Þegar ég horfi til baka sé ég að ég var í raun að safna því sem reyndist miklu verðmætara – reynslu, vináttu og lærdómi, sem hefur reynt mér ómetanlegur fjársjóður alla ævi. Fyrir það verð ég Taflfélagi Vestmannaeyja og þeim ógleymanlegu karakterum sem ég kynntist þar ævinlega þakklátur.

Fjölbætt skákennsla

Auðunn Haraldsson



Á hundrað ára afmæli er eðlilegt að líta um öxl og minnast atvika og fólksins sem mótað hefur sögu félagsins. Sú saga fær verðskuldað rými annars staðar í þessu blaði. Hér verður sjónun hins vegar beint að starfinu eins og það stendur í dag og reynslunni af liðnu starfsári. Einnig verður aðeins farið yfir þau sjónarmið sem liggja að baki skákennslunni og, til gamans, tekið eitt dæmi úr kennslunni. Að lokum verður lítið aðeins fram á veginn.

Um skákkennslu

Taflborðið býður upp á sérstakt rými þar sem nemendur þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð á afleiðingum þeirra. Enginn meðspilari getur tekið við þegar staðan verður erfið og ekki er hægt að vísa ábyrgðinni á aðra þegar illa fer.

Það er líka mikilvægt að læra að tapa. Í skák geta mistök verið sársaukafull. Ein fljótfrænisleg ákvörðun getur breytt gangi skákarinnar á augabragði. Markmiðið er samt það að nemendur sjái að ósigur er ekki endapunktur heldur tækifæri til að skoða hvað fór úrskeiðis, læra af reynslunni og reyna aftur.

Þegar teflt er með tímamörkum bætist önnur vidd við skákina. Sé umhugsunartíminn mjög skammur getur það í sumum tilvikum borgað sig að leika einfaldlega eins hratt og mögulegt er og treysta á að andstæðingurinn falli á tíma. Þá er hætt á að hraðinn verði mikilvægari en gæði ákvarðananna. Í kennslu ungra skákmanna er því mikilvægt að gefa þeim sem mest svigrúm til að hugsa, meta stöðuna og velja leik af yfirvegun. Það er algeng sjón á lokamínútum knattspyrnuleiks að sjá það lið sem búið er að skora fleiri mörk hanga á boltanum út við hornfána í þeim tilgangi að láta tímann liða. Sú aðferð getur reynt vel og jafnvel aukið sigurlíkur en líklega er ekki lögð mikil áhersla á þessa aðferð á kostnað annarra atriða í þjálfun ungra knattspyrnumanna.

Skákin kennir líka þolinmæði. Ekki er alltaf hægt að ráðast strax til atlögu. Stundum þarf að bæta stöðuna hægt, verja veikan reit eða bíða eftir rétta augnablikinu. Við taflborðið fá nemendur að æfa sjálfsaga og þrautseigju.

Takist vel til við kennsluna tel ég að margt af því sem lærist við taflborðið nýtist nemendum einnig utan þess.

Þetta hafði áhrif á hvernig kennslan var skipulögð á liðnu ári. Við vildum bæði hafa auðveldla leið inn í skákina fyrir byrjendur og geta boðið þeim sem lengra voru komnir upp á góða og skemmtilega þjálfun.

Árið sem leið

Í samræmi við þetta var bryddað upp á þeirri nýjung að skipta kennslunni í tvo hópa.



Sigurvegarar í vormóti TV 2026.



Keppendur í Jólamóti TV 2025.

Annars vegar voru í boði tuttugu mínútna byrjendatímar, öllum opnir og nemendum að kostnaðarlausu. Þar var farið yfir helstu undirstöðuatriði skákarinnar, svo sem mannganginn, skákbörðið og virkni taflmannanna. Settar voru upp einfaldar stöður og verkefni sem ætlað var að þjálfa einbeitingu, rökhugsun og þann hugarreikning sem skákin krefst.

Hins vegar voru haldnir framhaldstímar fyrir þá nemendur sem þegar höfðu náð tökum á grunntaríðunum og vildu stíga næstu skref í skáklistinni. Tekið var hóflegt þátttökugjald fyrir þá tíma. Með þessu varð þátttaka markvissari. Lagt var upp með þetta fyrirkomulag í ljósi reynslu seinasta ára.

Kennslan var í minni umsjón, en Arnar Bogi Andersen veitti jafnframt ómetanlega aðstoð við ýmsa þætti hennar. Þá kom Sæmundur Einarsson einnig að starfinu, bæði við utanumhald móta og sem afleysing þegar á þurfti að halda.

Samanburður benti til þess að þegar kennsla er nemendum að öllu leyti að kostnaðarlausu geti skuldbindingin orðið minni. Með skýrri skiptingu tímanna var tryggt að áhugasamir nemendur hefðu rými til að læra og bæta sig. Fljótlega myndaðist mjög góður 15 nemenda kjarni sem mætti annað hvort í byrjenda- eða framhaldstíma.

Einnig sá taflfélagið um kennslu í báðum grunnskólum bæjarins. Þá var skákkennsla hluti af vali í 3.-4. bekk í Hamarskóla á haustönn og 8.-10. bekk í Barnaskólanum á vorönn.

Haldin voru tvö mót, jóla- og vormót með tímamörkunum 7 mínútur og 30 sekúndur á hvern keppanda. Gekk vel og mátti sjá miklar framfarir.

Með stuðningi Taflfélags Vestmannaeyja gafst mér kostur á að sækja mér frekari menntun á sviði skákkennslu. Ég fór á skákbjálfaránámskeið Skákskóla Íslands auk námskeiðs á vegum Evrópska skák-sambandsins.

Fræðslan skilaði sér með ýmsum hætti inn í framhaldstímana. Hér verður tekið eitt dæmi um slíkt.

SÓL hf. - hvernig fækka má afleikjum

Ekkert er nýtt undir sólinni og á það ekki síður við um hugmyndir í skákkennslu. Í framhaldstímunum var nemendum kynnt minnisregla sem hlaut íslenska heitið SÓL hf. Nafnið hljómar vissulega fremur eins og heiti á sólbaðsstofu en minnisreglu í skák, en svona glens og orðaleikir eiga það til að festast vel í hausnum.

Reglan er lausleg íslensk aðlögun að svonefndri CLAMP-aðferð skákbjálfarans Can Kabadayi. Hún er hluti af kennsluefni hans um hvernig draga megir úr afleikjum með einfaldri og kerfisbundinni yfirferð á stöðunni. Hugmyndin er sú að áður en leikið er staldri skákmaðurinn við og leiti að nokkrum algeng-

um vísbendingum um hættu eða taktísk tækifæri.

Í íslensku útgáfunni var reglan sett fram með eftirfarandi hætti:

S - Skák. Eru mögulegar skákir í stöðunni?

Ó - Óvarinn maður. Er einhver taflmaður óvarinn eða aðeins varinn einu sinni?

L - Lega. Hvernig liggja mennirnir hver gagnvart öðrum? Kóngur og drottning á sömu línu, eða tveir verðmætir menn á sömu skálinu.

H - Hreyfanleiki. Á einhver maður fáa eða enga örugga reiti?

F - Frelsingi. Er frelsingi á borðinu sem þarf að stöðva eða styðja áfram?

Atriðin fimm eru sett fram í ákveðinni forgangsroð. Skákmaðurinn byrjar á S og vinnur sig síðan áfram í gegnum minnisregluna. Röðin er ekki tilviljun: því frammar sem atriði stendur, því fyrr á að kanna það. Mögulegar skákir hafa þannig forgang í hugsanaferlinu og eru skoðaðar áður en til dæmis lega taflmannanna er metin.





Seinasti leikur svarts var ...Bg3. Svartur er ekkert að tvínóna við hlutina og hótar hvítu drottningunni. Ungir og hvatvísir nemendur voru hvattir til þess að skoða stöðu vel. Er einhverjar mögulegar skákir í stöðunni sem gætu breytt gangi leiksins á svipstundu? Ef svo er, hefur það áhrif á ákvörðunartöku þína?

Minnisreglunni var ekki ætlað að finna besta leikinn í hverri stöðu, heldur einfaldlega að fá nemendur til að staldra við áður en þeir léku og kanna hvort einhver augljós hættu eða taktískt tækifæri leyndist á borðinu. Ungir skákmenn eiga það gjarnan til að bregðast við því fyrsta sem þeir sjá í borðinu og framkvæma án þess að meta stöðuna til fulls. Með minnisreglunni var reynt að koma á þeirri venju að líta einu sinni yfir alla stöðuna áður en höndin færi af stað.

Framtíðin - hugleiðingar um samstarf og tækni

Undanfarin ár hefur megináherslan verið lögð á að styðja við skákstarf barna á grunnskólaaldri. Taflfélagið hefur verið í samstarfi við grunnskóla bæjarins. Mikilvægt er að halda þessu áfram næstu árin. Einnig væri gaman að vikka starfið enn frekar og auka samstarf við íþróttafélag bæjarins.



Tiki Taka. Á efri myndinni má sjá hvar Barcelona skapaði sér færi í opnum leik tímabilið 2008–2009. Á þeirri neðri er sóknaruppbygging um miðborðið úr Teflið betur. Þótt leikvellirnir séu ólíkir eru hugmyndirnar um rými, uppbyggingu og leiðina í gegnum vörn andstæðingsins keimlíkar.

Sömu hugmyndir má auðveldlega finna í handbolta. Gísli Þorgeir, landsliðsmaður í handbolta, hefur með reynslu sinni öðlast næmt skyn á rými og tímasetningu til að nýta glufur í hávörn, en ákveðin kerfi eru beinlínis útfærð til að skapa slíkar glufur.

Tæknina þarf að nýta betur í starfinu. Mörg tómtundafélög myndu öfunda okkur af þeim húsakosti sem Taflfélagið hefur aðgang að, en enn eru tækifæri til að bæta þann búnað sem notaður er við kennsluna. Þar stendur þó allt til bóta. Fyrir komandi vetur hefur félagið meðal annars fjárfest í nýjum sjónvarpsskjá sem leysir af hólmi gamlan myndvarpa og ætti að auðvelda til muna miðlun námssefnis til nemenda.

Netskák hefur fest sig rækilega í sessi. Chess.com seldi áskriftir fyrir um 20 milljarða króna árið 2023, sem gefur nokkra mynd af umfangi netskákar í dag. Þá er vert að nefna Lichess.org, sem er notendum að kostnaðarlausu og án auglýsinga eða áskrifta. Opinn aðgangur að gögnum og ýmsu efni tengdu Lichess hefur skapað frjóan jarðveg fyrir þróun forrita og kennsluefnis. Fyrir okkar félag geta slík verkfæri skipt sérstaklega miklu máli, enda gera þau nemendum kleift að tefla við mun stærri hóp andstæðinga og nalgast fjölbreytt námsefni.

Tæknin getur hjálpað mikið til, en þegar sest er að tafl þarf nemandinn eftir sem áður að hugsa sjálfur.

Framundan í vetur er áframhaldandi skákkennsla fyrir ungmenntu. Fyrirkomulagið verður að öllum líkindum svipað og á liðnu starfsári, en markmiðið er að vikka starfið smám saman. Eitt skref í þá átt verður námskeið fyrir fullorðna byrjendur.

Ég hóf sjálfur ekki að tefla að ráði fyrr en um 25 ára aldur og fann fljótt hversu mikið skákin hafði upp á að bjóða. Einnig varð mér fljótt ljóst að lítið er um aðgengileg úrræði fyrir fullorðna sem hafa áhuga á skákinni en eiga erfitt með að koma sér af stað. Námskeiðið verður því að nokkru leyti tilraun til að kanna hvort eftirspurn sé eftir slíku starfi hér í Vestmannaeyjum.

Sendum Taflfélagi Vestmannaeyja hamingjóskir á 100 ára afmæli

Afmælismót T.V.

Helgina 29.-30. ágúst 2026 fara fram tvö afmælisskáknot að Ægisgötu 2, opna svæðinu á 2. hæð í Þekkingarsetri Vestmannaeyja í tilefni af 100 ára afmæli Taflfélags Vestmannaeyja.

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2026 KL. 12.00 - 18.00

- Atskákmót - tímamörk 15 mín. á skák auk 5 sek. fyrir hvern leik.
- Stutt neysluhlé af loknum fjórum umferðum.
- Fyrstu verðlaun 100 þús. kr. önnur verðlaun 75 þús.kr. og þriðju verðlaun 50 þús. kr.

SUNNUDAGUR 30. ÁGÚST 2026 KL. 13.00-16.00

- Hraðskáknot - tímamörk 5 mín + 3 sek. fyrir hvern leik.
- Fyrstu verðlaun 30 þús. kr., önnur verðlaun 20 þús. kr. og þriðju verðlaun 10 þús. kr.

Engin þáttökugjöld á afmælismótin. Bæði mótin eru reiknuð til stigaútreikninga.

Skráning þátttakenda á 100 ára afmælismótin á skak.is eða í síma 822-0351



TAFLFÉLAG
VESTMANNAEYJA

1926 100 2026